

## AUGLÝSING

### sveitarstjórnar um samþykkt deiliskipulag Hafnarsvæðis í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 18. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag á Hafnarsvæði í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vogum, 8. maí 2000.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á lóð Grunnskóla Breiðdalshrepps við Selnes, Breiðdalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Breiðdalshrepps þann 3. apríl 2000 samþykkt deiliskipulag lóðar Grunnskóla Breiðdalshrepps við Selnes, Breiðdalshreppi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Breiðdalsvík, 2. maí 2000.*

Sveitarstjóri Breiðdalshrepps,

**Rúnar Björgvinsson** sveitarstjóri.

## REGLUGERÐ

### um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands.

1. gr.

Flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands er gefin út í þremur deildum. Nefnast þær:

- (1) AIP Ísland – Iceland;
- (2) Reglur um loftferðir og
- (3) Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands.

Flugmálahandbók skal skjalastýrt og uppfærslur og breytingar gefnar út eins og þörf krefur. Einnig er heimilt að gefa flugmálahandbók út á rafrænu formi að hluta eða öllu leyti.

2. gr.

Flugupplýsingahandbók AIP (Aeronautical Information Publication) er gefin út á íslensku og ensku. Í flugupplýsingahandbók koma fram undirstöðuupplýsingar um íslensk

flugmál, flugleiðsögukerfi og flugvelli. Upplýsingar er varða alþjóðaflug og aðflugskort skal rita á ensku.

3. gr.

Í 2. deild (Reglur um loftferðir) er samantekt um helstu lög og reglur er snerta loftferðir, rekstur loftfara, flugvelli og flugumferð ásamt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir, hvort sem er með milliríkjasamningum eða skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Umfangsins vegna er heimilt að takmarka efni við það sem helst snertir flugöryggi.

4. gr.

Í 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands) eru birtar upplýsingar um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli 140. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og reglna settra samkvæmt þeim sem almennt gildi hafa en birtast eigi í Stjórnartíðindum.

Flugmálastjórn ákvarðar hvort efni skv. 1. mgr. skuli birta á íslensku eða ensku og skal setja sér verklagsreglur þar um. Heimilt skal að birta tæknilega staðla á ensku eingöngu.

5. gr.

Allir handhafar flugrekstrarleyfa og flugkennsluleyfa skulu vera áskrifendur að flugmálaláhandbók Flugmálastjórnar Íslands. Flugmálastjórn er heimilt að telja fullnægjandi tölvukost og aðgang að Lýðnetinu (Internetinu) jafngildan áskrift að 2. og 3. deild. Handhafa skírteinis flugmanns er rétt að vera áskrifandi að 1. deild flugmálaláhandbókar, eða hafa aðgang að henni hjá atvinnurekanda sínum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 5. maí 2000.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Hveragerðis. A-hluti.

1. gr.

*Almennt.*

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Hveragerðis (HH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu hitaorku, sbr. reglugerð fyrir HH, nr. 320/2000.

#### **Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:**

**A-hluta** sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu hitaorku og jarðgufu á veitusvæði HH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á gjöldum fyrir hitaorku og jarðgufu, fastagjaldi, heimæðagjöldum, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

**B-hluta** sem sýnir gildandi verð fyrir hitaorku eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.